# Hjörl. Hjörleifsson f.h. Rafmagnsstjórans í Reykjavík, bréf til Launamálanefndar bæjarins 2. Sept. 1938

Bjarni Benediktsson – Hjörl. Hjörleifsson f.h. Rafmagnsstjórans í Reykjavík, bréf til Launamálanefndar bæjarins 2. Sept. 1938

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Afrit.

R A F M A G N S V E I T A   R E Y K J A V Í K U R
Reykjavík MUNICIPAL ELECTR. LIGHT & POWER WORKS

P.O.Box 537 Telephone 1222(4line)
TELEGRAMS: RAFMAGNSVEITAN

REYKJAVÍK, 2. sept. ´38.
12 Tjarnargötu, Iceland.

Viðv. flokkun starfsmanna.

Út af bréfi yðar dags. 29. ágúst s.l., með uppkasti að flokkun starfsmanna í fyrirhugaðri launasamþykkt bæjarins, viljum vér taka eftirfarandi fram:

II. fl. Staða sú hjá Rafmagnsveitunni, sem mun samsvara stöðu deildarverkfræðings hjá bænum, heitur"aðstoðarverkfræðingur", mun því eiga að koma í þennan flokk "Aðstoðarverkfræðingur hjá Rafmagnsveitu".

VI. fl. Í þessum flokki eru taldir tekniskir aðstoðarmenn, en getur tæplega átt við rafvirkja. Vantar því, væntanlega í þennan flokk, 1. flokks rafvirkja.

VII.fl. Í þessum flokki eru taldir gasvirkjar, og þykir sennilegt að línumenn, sem í uppkastinu eru taldir í VIII. fl., ættu því líka að vera í þessum flokki. Mætti skifta línumönnum í 2 flokka, og væru 1. flokks í VII. fl. en 2. flokks í VIII.

VII. fl. Ennfremur vantar fasta eftirlitsmenn við spennistöðvar sem væntanlega kæmu í þennan flokk, sbr. eftirlitsmenn með vatns-og hitaveitu.

VIII.fl. Í þennan flokk kæmu þá 2. fl. rafvirkjar, sem ekki eru taldir í uppkastinu.

IX.-X:fl. Í annanhvorn þessara flokka vantar 3. fl. rafvirkja (nema) væntanlega í X. fl.

Að svo stöddu verða ekki gerðar fleiri breytingar tillögur við uppkast þetta, en vér teljum æskilegt að nánari skilgreining sé gerð á stöðuheitunum: aðstoðarmenn, bókarar og skrifarar, og ef til vill frekari skifting í flokka en gert er í uppkastinu.

Ennfremur viljum ver benda á, að við samanburð á uppkasti þessu og tillögum rafmagnsstjórans frá í vetur, virðast starfsmenn Rafmagnsveitunnar yfirleitt hafa verið færðir niður um einn flokk, miðað við tölusetning flokkanna. Verður ef til vill tækifæri til að athuga það atriði síðar.

Virðingarfyllst
f.h. Rafmagnsstjórinn í Reykjavík
Hjörl. Hjörleifsson.
(sign).

Til Launamálanefndar bæjarins,
Herra hagfr. Björn Björnsson,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur